

Sp. 1135. Tillaga til þingsályktunar

um listasafn o. fl.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjarni Benediktsson, Kristinn E. Andrésson,
Haraldur Guðmundsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstjórnin á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveislu og sýnis sem fullkonnustu safni af málverkum eftir þennan listamann.

G r e i n a r g e r ð .

Einn hinn stórbrotnasti íslenskra listamanna, Jóhannes Kjarval, á sextugsafmæli á næsta hausti. Þjóðin á honum mikla þakkarskuld að gjalda fyrir starf hans í þágu íslenskrar listmenningar, og þykir ekki mega dragast lengur en orðið er að gefa honum kost á betri starfsskilyrðum en hann hefur notið hingað til.